

Orkustofnun

14-501

Ársreikningur 2022

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Orkustofnun

kt. 500269-5379

Grensásvegur 9, 108 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Orkustofnun er ríkisaðili í A-hluta sem starfar á grundvelli sérлага. Stofnunin fer með stjórnslu í orkumálum og aftar þekkingar á nýtingu orkulinda og annarra jarðrænna auðlinda. Orkustofnun fer m.a. með leyfisveitingar vegna rannsókna og nýtingar á auðlindum og orkuvinnslu og annast eftirlit með framkvæmd raforkulaga.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefna svið 15 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Samanburðartölur eldra árs eru frá fjárlagið 04-571.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 802,2 milljónir og afkoma kr. 47,5 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 98,8 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 433,1 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Orkustofnunar í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Orkustofnunar fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Halla Hrund Logadóttir
Orkumálastóri

Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	584.700.000	490.300.000
Seld þjónusta	3	83.756.159	61.201.094
Vörusala		1.003.701	0
Framlög og ymsar tekjur	4	124.910.294	121.055.630
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	7.846.307	6.799.121
Tekjur samtals		802.216.461	679.355.845
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	459.354.889	422.315.114
Framlög og tilfærslur		8.589.687	9.492.735
Annar rekstrarkostnaður	6	279.775.399	254.012.051
Afskriftir	7	7.846.307	6.799.121
Gjöld samtals		755.566.282	692.619.021
Afkoma fyrir fjármagnsliði		46.650.179	(13.263.176)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		891.072	185.642
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(3.709)	(30.539)
		887.363	155.103
Afkoma ársins		47.537.542	(13.108.073)
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	2	52.327.229	(8.515.338)
Rekstrartilfærslur		(4.789.687)	(4.592.735)
		47.537.542	(13.108.073)

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður		17.290.672	15.301.216
Farartæki og vélar		9.350.568	3.244.223
		<u>26.641.240</u>	<u>18.545.439</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í öðrum félögum	9	200.000	0
		<u>200.000</u>	<u>0</u>
Fastafjármunir samtals		<u>26.841.240</u>	<u>18.545.439</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		50.076.096	51.080.380
Tengdir aðilar	10	277.049.162	296.339.101
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		3.672.373	3.725.080
Handbært fé	11	75.411.460	61.085.045
Veltufjármunir samtals		<u>406.209.091</u>	<u>412.229.606</u>
Eignir samtals		<u>433.050.331</u>	<u>430.775.045</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	12		
Hrein eign		98.787.527	51.249.985
Eigið fé samtals		<u>98.787.527</u>	<u>51.249.985</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	10	200.717.118	9.347.947
Viðskiptaskuldir		87.030.129	307.864.644
Ýmsar skammtímaskuldir	13	30.819.611	45.270.216
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	14	15.695.946	17.042.253
Skuldir samtals		<u>334.262.804</u>	<u>379.525.060</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>433.050.331</u>	<u>430.775.045</u>
Aðrar upplýsingar	15		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		47.537.542	(13.108.073)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	7.846.307	6.799.121
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(7.846.307)	(6.799.121)
		<u>47.537.542</u>	<u>(13.108.073)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		1.056.991	(9.247.609)
Tengdir aðilar		201.217.002	(194.220.419)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(235.285.120)	193.717.025
		<u>(33.011.127)</u>	<u>(9.751.003)</u>
		<u>14.526.415</u>	<u>(22.859.076)</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð á eignarhlut í öðru félagi		(200.000)	0
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	8	(15.942.108)	(6.054.062)
		<u>(16.142.108)</u>	<u>(6.054.062)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		9.442.108	0
Fjárfestingarframlag		6.500.000	6.054.062
		<u>15.942.108</u>	<u>6.054.062</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		14.326.415	(22.859.076)
		<u>61.085.045</u>	<u>83.944.121</u>
		<u>75.411.460</u>	<u>61.085.045</u>
Handbært fé í árslok			

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8-15 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

2022 2021

2 Tekjufærsla fjárveitinga

Fjárveiting ársins	584.700.000	490.300.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	7.846.307	6.799.121
	<u>592.546.307</u>	<u>497.099.121</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	577.800.000	3.800.000	0	581.600.000
Launabætur	3.100.000	0	0	3.100.000
Fjárveiting til tekna	580.900.000	3.800.000	0	584.700.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum	(528.572.771)	(8.589.687)	0	(537.162.458)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	52.327.229	(4.789.687)	0	47.537.542

2022 2021

3 Seld þjónusta

Sérfræðipjónusta	83.350.360	47.792.213
Verksala	0	13.408.881
Veitinga- og gistinguþjónusta	405.799	0
	<u>83.756.159</u>	<u>61.201.094</u>

4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur	0	8.333.260
Kostnaðarhlutdeild	15.188.069	0
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	100.623.969	112.722.370
Ýmsar tekjur	9.098.256	0
	<u>124.910.294</u>	<u>121.055.630</u>

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	384.314.945	348.979.230
Orlof, breyting	(14.970.428)	(8.084.758)
Launatengd gjöld	86.597.481	77.015.263
Starfsmannakostnaður	3.412.891	4.405.379
	<u>459.354.889</u>	<u>422.315.114</u>

Meðalfjöldi stöðugilda	33,8	35,0
------------------------------	------	------

2022 2021

6 Annar rekstrarkostnaður

Bækur, ritföng, filmur o.fl.	1.751.996	2.803.928
Byggingarvörur, almennar	0	7.756
Ýmis tæki og áhöld	3.202.442	561.954
Varahlutir og viðhaldsvörur	26.757	0
Orkugjafir	426.890	226.348
Matvæli	7.139.137	1.154.059
Almennar rekstrarvörur	3.140.219	637.482
Vörukaup, almenn	15.687.441	5.391.527

Skýringar

	2022	2021
6 Annar rekstrarkostnaður (frh)		
Fundir, námskeið, risna	13.608.083	11.032.054
Ferðir, uppihald	24.897.649	2.858.670
Akstur	3.413.253	634.918
Sérfræðipjónusta	99.370.456	129.665.412
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	907.997	90.513
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	6.297.319	2.771.276
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	1.520.891	1.197.952
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta	150.015.648	148.250.795
Afnotagjöld	12.965.983	15.530.691
Leigugjöld	48.421.403	45.538.457
Notkun véla og flutningatækja	2.193.087	49.310
Verkkaup	27.486.123	19.925.831
Kostnaðarhlutdeild	21.809.841	18.851.090
Tryggingar, lögboðnar	235.531	133.249
Opinber gjöld	35.713	195.140
Tilfærslur	0	5.000
Tapaðar kröfur	924.629	140.961
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	114.072.310	100.369.729
Annar rekstrarkostnaður samtals	279.775.399	254.012.051
7 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	7.010.252	6.324.648
Farartæki og vélar	836.055	474.473
	7.846.307	6.799.121
	31.12.2022	31.12.2021
8 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	17.290.672	15.301.216
Farartæki og vélar	9.350.568	3.244.223
	26.641.240	18.545.439

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2022:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Samtals
Staða 01.01.2022	60.361.508	4.227.006	64.588.514
Viðbætur á árinu	8.999.708	6.942.400	15.942.108
OS leiðréttingar á kostnaðarverði-afskriftum	(6)	0	(6)
	69.361.210	11.169.406	80.530.616
Afskriftir 01.01.2022	45.060.292	982.783	46.043.075
Afskrift ársins	7.010.252	836.055	7.846.307
OS leiðréttingar á kostnaðarverði-afskriftum	(6)	0	(6)
	52.070.538	1.818.838	53.889.376
Staða 31.12.2022	17.290.672	9.350.568	26.641.240

Skýringar

9 Eignarhlutir í öðrum félögum

	Eignarhlutur	Nafnverð	Matsverð
Eignarhlutir ríkissjóðs undir 20% (kostnaðarverðsaðferð):			
Gleipnir, nýsköpunar- og þróunarsetur á Vesturlandi ses.	4%	200.000	200.000
		<u>200.000</u>	<u>200.000</u>

Eignarhlutir í öðrum félögum eru metnir með hlutdeildaraðferð ef eignarhlutur ríkissjóðs í heild er yfir 20% annars eru þeir metnir á kostnaðarverði. Metið virði eignarhluta í sjálfseignarstofnunum er 0 kr. ef framlög til þeirra renna ekki til ríkisins eða stofnana þess við slit, heldur til annarra málefna en annars á kostnaðarverði.

31.12.2022 31.12.2021

10 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	201.647.889	218.585.873
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	75.401.273	77.753.228
	<u>277.049.162</u>	<u>296.339.101</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	0	0
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	200.717.118	9.347.947
	<u>200.717.118</u>	<u>9.347.947</u>

11 Handbært fé

Tékkareikningar	46.836.028	9.036.360
Sparisjóðsreikningar	3.321.462	50.111.012
Gjaldeyrisreikningar í innlendum innlánsstofnunum	25.253.970	1.937.673
	<u>75.411.460</u>	<u>61.085.045</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 75,8 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

12 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

31.12.2022 31.12.2021

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	51.249.985	73.411.291
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	0	(9.053.233)
Afkoma ársins	47.537.542	(13.108.073)
Jöfnuður 31.12.	<u>98.787.527</u>	<u>51.249.985</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

31.12.2022 31.12.2021

13 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof	26.823.876	41.794.304
Önnur ógreidd gjöld	3.995.735	3.475.912
	<u>30.819.611</u>	<u>45.270.216</u>

Skýringar

14 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2022	31.12.2021
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	26.641.240	18.545.439
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga)	(10.945.294)	(1.503.186)
	<u>15.695.946</u>	<u>17.042.253</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2022	18.545.439	(1.503.186)	17.042.253
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	6.500.000	6.500.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	15.942.108	(15.942.108)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(7.846.307)	0	(7.846.307)
	<u>26.641.240</u>	<u>(10.945.294)</u>	<u>15.695.946</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2022 munu kr. 7,9 milljónir koma til tekna á árinu 2022.

15 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Orkustofnun hefur gert skuldbindandi leigusamning við Ríkiseignir um leigu á húsnæði að Grensásvegi 9 og er hann ótímabundin en með 6 mánaða uppsagnarfresti. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 48,9 m.kr fyrir árið 2023.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvilandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2022.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.